GJALDSKRÁ

fyrir mengunareftirlit á Suðurnesjum.

1. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 5. gr., sbr. 11. mgr. 6. gr. laga nr. 81, 3. ágúst 1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og grein 3.6., sbr. viðauka 7 og 9 í mengunarvarnareglugerð nr. 389, 28. september 1990, er sveitarstjórnum á Suðurnesjum heimilt að innheimta árlega eftirlitsgjald af eftirlitsskyldri starfsemi svo sem hér greinir:

1. flokkur kr. 10 000,00
2. flokkur kr. 20 000,00
3. flokkur kr. 30 000,00
4. flokkur kr. 40 000,00

Gjalddagi eftirlitsgjalda er 1. september og eindagi 1. október.

2. gr.

Fyrirtæki sem talin eru upp í viðauka 7 og 9 í mengunarvarnareglugerð flokkast eftir umfangi og mengun í flokka samkvæmt 1. gr. gjaldskrárinnar.

3. gr.

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits semur fyrir hönd svæðisnefndar, lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki á svæðinu í samræmi við viðauka 7 og 9 í mengunarvarnareglugerð nr. 389, 28. september 1990. Listi þessi skal afhendur hlutaðeigandi sveitarfélögum.

Sveitarstjórnir sem kjósa að leggja á eftirlitsgjöld, innheimta þau á eigin ábyrgð og kostnað. Skulu gjöld þessi ganga til greiðslu á kostnaði vegna mengunareftirlits.

Sveitarstjórnum er heimilt að fela Gjaldheimtu Suðurnesja innheimtu gjaldanna.

4. gr.

Gjöld samkvæmt 1. gr. má innheimta með fjárnámi.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarfélögunum á heilbrigðiseftirlitssvæði Suðurnesja sbr. 11. mgr. 6. gr. og 22. gr. laga nr. 81, 3. ágúst 1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og sett samkvæmt 22. gr. sömu laga.

Gjaldskrá gildir frá og með 1. september 1992.

Umhverfisráðuneytið, 27, ágúst 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.